



Ræða Davíðs Oddssonar, formanns bankastjórnar
Seðlabanka Íslands, á morgunfundi
Viðskiptaráðs Íslands 18. nóvember 2008

Ég vil þakka Viðskiptaráði og forráðamönnum þess ágætt boð um að fá að tala hér á þessum vettvangi. Það hef ég reyndar gert áður á svipuðum tíma ársins. En árstíminn er sennilega það eina sem er líkt því sem við nú búum við, þegar þessi ræða er flutt. Nýliðinn október hverfur okkur seint úr minni. Þá urðu veðrabrigði í íslensku efnahagslífi og margt snerist til illra átta, vandamál sem víða höfðu leynst og lengi búið um sig, leystust úr læðingi við eigin kjörskilyrði. Auðvitað er október sjaldnast uppskerutími. En hann varð svo sannarlega uppskerutími núna. Og uppskeran var ömurleg, mygluð og úr sér gengin, en var þó að mestu eins og sáð hafði verið til. Þið takið eftir því að ég segi að uppskeran hafi að mestu verið eins og sáð var til, því jarðvegur og veðurskilyrði, sem sáðmaður ræður litlu um, voru að þessu sinni ekki til þess fallin að draga úr þeim skaða sem fyrirhyggjuleysi sáðmanna olli. Og nú er uppskeran í húsi og margir menn reiðir og skyldi engan undra. Því öllum er ljóst að sá uppskerubrestur, sem orðinn er, mun eins og forðum gerðist um slíka hluti, leiða til þess að þrengra verður í búi hjá flestum og afar þröngt hjá sumum. Þess vegna eru menn illir og argir sumir hverjir, en agaðir menn og rólyndari eru sviknir og sárir.

En þeir eru einnig til sem telja að nú sé lag til að beina reiðinni og sárinunum fyrir vagn síns eigins haturs og hagsmuna. Og það hefur tekist furðu vel fram að þessu, það er ekki hægt að segja annað. Enda tækin til þess enn til staðar og enn í réttum höndum. En sá leikur tekur vonandi enda og mun taka enda, því það var rétt hjá Abraham Lincoln, að þú getur blekkst ákveðinn hóp manna um ákveðinn tíma, en þú getur ekki blekkst alla þjóðina um allar stundir.

Og það er mikil eftirspurn eftir sökudólgum um þessar mundir, en harla lítið framboð. En aldrei slíku vant hefur sú mikla markaðsregla, mikil eftirspurn andspænis litlu framboði, ekki leitt til þess að verð á sökudólgum hafi hækkað að ráði. En ég er ekki frá því að síðustu vikurnar hafi Seðlabanki Íslands og forystan þar verið í toppsæti á sökudólgalistanum og það er eiginlega ekki hægt annað en að dást svolítið að því, að það hafi gengið svona lengi, svo langsótt sem það er.

Og það magnaða er að á bak við þann áróður allan standa m.a. þeir sem mesta ábyrgð bera á því hversu illa tókst til.

Í öllu þessu gerningaveðri og galdrafári hefur tekist að horfa fram hjá því að árið 1998 var lögum á Íslandi breytt svo, að bankaeftirlit var undan Seðlabanka Íslands tekið og með því fóru nær allar heimildir bankans og skyldur til að fylgjast með því sem var að gerast innan bankakerfisins. Eftir sitja verkefni á borð við lausafjárskýrslur, gengisjafnaðarreglur, veðlán og fleira þess háttar, sem litlu máli skipta í því sem nú hefur gerst. Allar leyfisveitingar sem snúa að fjármálastofnunum voru færðar frá Seðlabanka til nýs Fjármálaeftirlits. Heimildir þess, sem voru allviðtækar fyrir, voru auknar og fjárframlög til þess hafa vaxið stórlega á undanförunum árum. Eftirlitið hefur viðtækar heimildir og úrræði til að fá upplýsingar frá bankakerfinu, svo það megi gegna sínu hlutverki, og úrræði til að knýja fram breytingar á háttsemi og heimildir til þess að fara ofan í hverja kytru, skúffu og skáp í bankastofnunum til að sannfæra sig um að allt sé þar með felldu. Seðlabankinn hefur engin þess háttar úrræði lengur, enda hlutverki hans breytt. Hann getur þannig ekki sett tilsjónar- eða eftirlitsmenn inn í bankana, ef hann vildi, eins og Fjármálaeftirlitið getur. Hann getur ekki staðreynt hvort reglur um lánveitingar til eigenda banka eða til skyldra aðila séu virtar, eða hvort veðtaka, t.d. gagnvart lánnum vegna hlutabréfakaupa séu með eðlilegum hætti eða ekki. Seðlabankinn getur ekki komið í veg fyrir að bankar opni útibú erlendis og safni þar innstæðum. Þessu var öllu breytt. Það má vera að það hafi verið mikil mistök að færa fjármálaeftirlit undan Seðlabanka, en það er önnur saga. Það var gert og því þýðir ekki að láta eins og Seðlabankinn hafi bæði þær skyldur og þau úrræði ennþá á sinni hendi og þess vegna sé hægt að veitast að honum með offorsi fyrir að sinna ekki því eftirliti sem hann hafði á hendi fyrir réttum áratug síðan. Þeir sem kynda undir árásum á Seðlabankann eiga flestir að vita betur og hafa þeir því viljandi litið fram hjá þessum meginatriðum. Er það ljótur leikur, sem ekki hefði tekist ef skynsamleg skipan hefði komist á eignarhald fjölmiðla í þessu landi. Eftir að bankaeftirlit var frá Seðlabankanum skilið, var skv. lögum eftir það meginverkefni hans, að leitast við að halda verðbólgu í skefjum með því sem næst eina tækinu sem honum var til þess fengið, vaxtatakinu. Þá átti bankinn að annast um að greiðslukerfi landsins virkuðu og það hefur tekist meira að segja eftir að nær allt bankakerfið hafði hrunið, að halda því í fullum gangi og var það ekki auðveldur leikur. En barátta gegn verðbólgu er meginmarkmiðið og vaxtatakið nánast eina tækið til að ná því markmiði eins og fyrr sagði. Ef önnur öfl í þjóðfélaginu taka virkan þátt í baráttunni gegn verðbólgu, þá virkar vaxtatakið ágætlega og því má beita af hógværd, en einmitt við hófsama beitingu virkar vaxtatakið best. Ef önnur öfl í þjóðfélaginu toga í aðrar áttir en Seðlabankinn, á hann engan annan kost en að beita vaxtatakinu af minni hófsemd og jafnvel fast að hófleysi og þá fjölgar þeim óheppilegu fylgikvillum sem vaxtatakinu fylgja. Sú staða hefur því miður verið

uppi síðustu misseri og ár vegna mikillar þenslu á opinberum vettvangi og gríðarlegrar útlánaaukningar bankakerfisins. Bankakerfið stærði sig opinskátt af því að koma mönnum undan því að vera háðir vaxtastefnu Seðlabankans með því að hefja lánveitingar í erlendri mynt til aðila sem höfðu engar tekjur eða litlar í þeirri mynt. Þetta hvort tveggja var skaðvaldur gagnvart verðbólgu og þeim sem líða fyrir þegar verðbólga vex. Íðulega hefur verið mikið um það rætt, að endurskoða þurfi peningamálastefnuna eins og það heitir, en sjaldan fylgja skynsamlegar skýringar á því atriði óskalistans. Enginn vill þó segja beint að það eigi að hætta að berjast gegn verðbólgunni, þótt sumir hverjir vilji “hleypa henni í gegn”, eins og það er orðað. Það er látið nægja að segja að endurskoða beri peningamálastefnuna. Það er mátulega þokukennd yfirlýsing til að hún fari vel í munni þeirra sem ekki vita nákvæmlega um hvað þeir eru að tala. En þrátt fyrir óljós markmið af þessu tagi hefur Seðlabankinn valið þann kostinn að taka vel í þess háttar hugmyndir og hvatt til að menn endurskoði peningamálastefnuna og geri það sem allra fyrst. Reyndar er það svo, að á þá stefnu er reglubundið horft og hún að því leyti til endurskoðuð af erlendum sérfræðingum, tvisvar til þrisvar á ári. Til dæmis hafa OECD og Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn íðulega tekið hana til rækilegrar skoðunar og jafnan áréttað, að Seðlabankinn hafi í meginatriðum verið á réttri leið í mótun og beitingu peningastefnunnar, en mikið hafi vantað upp á að aðrir hafi lagst á árar með honum og því hafi heldur illa miðað. Ég geri því fremur ráð fyrir því að við endurskoðun peningamálastefnunnar, sem ég ítreka að Seðlabankinn leggst síst gegn, er afar sennilegt að þetta muni enn koma fram af hálfu erlendra aðila. En sem sagt eftir að bankaeftirlitið var frá Seðlabankanum tekið var einnig skilið eftir hjá bankanum það verkefni að hafa auga með og stuðla að fjármálastöðugleika eins og það er kallað, þótt Seðlabankanum séu ekki fengin öflug úrræði til þess. Hann á sem sagt í því efni að láta í ljós skoðun sína gagnvart almenningi eftir því sem við á, gagnvart yfirvöldunum í landinu og gagnvart bankastofnununum sjálfum. Hann getur haft í frammi ábendingar og tilmæli af ýmsu tagi, en þvingunarúrræðin eru ekki fyrir hendi. Þau voru öll flutt til Fjármálaeftirlitsins. Því má spyrja vegna þessa verkefnis Seðlabankans, hvort þar hafi honum ekki brugðist bogalitin og það illilega. Sinnti hann þessu hlutverki sínu vel eða illa? Áttaði hann sig ekki á því hvernig komið var eða í hvað stefndi? Og það er von að spurt sé, því það hefur marg oft verið látið að því liggja, að hrun bankakerfisins hafi komið öllum í opna skjöldu nú í október, og sumir hafa jafnvel haldið því fram að hrun þess hafi verið óþarft og heimatilbúið því eingöngu hefði þurft að lána Glitni ca. 80 milljarða króna samkvæmt hraðbeiðni þess banka og þá hefði allt verið í himnalagi. Þetta er slík bábilja að ekki tali tekur, en þó gefst vonandi tækifæri til að fara í gegnum þann þáttinn sérstaklega síðar. En um hitt, að bankakreppan hafi komið sem þruma úr heiðskíru lofti og lagt allt í rúst, vil ég fjalla örlítið nánar. Og einnig um þær fullyrðingar að Fjármálaeftirlit, Seðlabanki og stjórnvöldin í landinu hafi ekki vitað eða

ekki fengið að vita í hvað stefndi. Bankarnir sem fóru í þrot hafa haldið því fram upp á síðkastið að í raun hafi hlutirnir verið í bærilegu lagi hjá þeim, en framganga stjórnvaldanna hafi eins og að framan sagði, leitt þá í þrot. Þannig hefur myndin verið dregin upp, afbökun mjög og í skötulíki.

Seðlabankar heimsins, líka þeir sem misst hafa frá sér bankaeftirlitið vegna þeirrar tísku sem þá réði, að best væri að skilja slíka þætti að, gefa flestir a.m.k. árlega út skýrslu um fjármálalegan stöðugleika í viðkomandi landi. Sjálfsagt eru slíkar skýrslur eins og aðrar mismikið lesnar og auðvitað minnst þegar allt virðist vera í blóma og sóma í bankakerfum og fjármálalegu umhverfi.

Óhugsandi er auðvitað að nokkur seðlabanki, hversu órólegur sem hann væri um fjárhagslegt umhverfi sitt, myndi nokkru sinni segja í slíki skýrslu að öll tákni bentu til að bankar í hans landi, einstakir, jafnvel margir, svo ég tali ekki um allir, stefndu innan skamms eða rakleiðis í þrot. Slíkir spádómar gætu nefnilega ræst fyrir sinn eigin tilvernað. Spáin yrði sem sagt gerandinn í málinu. Stöðugleikaskýrslur verða því að taka mið af slíku og lesendur þurfa að lesa þær með þetta í huga. Yfirskrift síðustu skýrslu Seðlabanka Íslands um fjármálalegan stöðugleika sem birt var í maí sl. var á þessa leið: “Ríkjandi aðstæður reyna á viðnámsþrótt bankanna.” Ef þið hafið í huga það sem áðan var sagt um hvað seðlabankar geta í raun leyft sér að segja opinberlega, þá ber þessi yfirskrift með sér og er ljós öllum sem læsir eru á svona efni, að Seðlabanki Íslands hafði áhyggjur af stöðu og þróun íslenska bankakerfisins þegar þessi skýrsla kom út. En allt að einu sagði bankinn einnig í skýrslu sinni að á heildina litið væri fjármálakerfið enn traust, en þörf væri á viðbúnaði. Þótt Seðlabankamenn hér sem annars staðar tali alla jafna varlega og stundum örlítið þokukennt, þá eru það hreinar rangfærslur að segja, að forráðamenn Seðlabanka Íslands hafi ekki fyrir löngu gert sér grein fyrir stöðunni né varað við henni. Það var gert bæði ítarlega út á við og enn ítarlegar inn á við. Vegna þess atgangs sem orðið hefur og ótrúlegra rangfærslna kemst ég ekki hjá því að rifja upp nokkur dæmi. Nefni ég þá til sögunnar bæði nokkur atriði sem fram komu opinberlega og einnig það sem yfirvöldum var sagt bak við luktur dyr og í góðan tíma.

Fyrir meira en einu og hálfu ári lét ég eftirfarandi ummæli falla á ársfundi Seðlabanka Íslands. Það var í mars 2007: “Hitt stendur þó auðvitað eftir að mönnum eru nú ljósari en áður þær hættur sem víða geta leynst í framtíðinni. Alþjóðleg skilyrði á markaði geta breyst snögglega. Lánsfjáraðgengi, sem á undanförunum misserum hefur verið með eindæmum hagfellt fyrir íslenska banka sem og aðra, kann að breytast skyndilega við óvæntar aðstæður. Mikilvægt er að vera við því búinn að slíkt geti gerst.” Og í annan stað sagði ég í sömu ræðu: “Við miklar umbreytingar í fjármálakerfinu á stuttum tíma reynir mjög á

eftirlitsstofnanir og þær geta átt fullt í fangi með að halda í við hina hröðu þróun. Sama má eflaust segja um Seðlabankann. Enda er það svo, þótt slíkar stofnanir geti verið til mikils gagns og mjög til halds og trausts, þá hvorki geta þær né eiga að vera í aðalhlutverkunum. Þeim hlutverkum geta eingöngu fjármálafyrirtækin sjálf gegnt. Vegna þess hve mjög þau reiða sig á greiðan aðgang að lánsfjármörkuðum skiptir traust þeirra í augum lánadrottna afar miklu. Trúverðugleiki er brothættur á þessu sviði sem annars staðar, og trúnaðarbrestur mjög dýrkeyptur.” Og í þriðja lagi í sömu ræðu: “Fjármagnsaðgengi hefur verið með eindæmum gott í heiminum á undanförunum árum og margur hefur sótt sér þar hnefa á góðum kjörum. Dirfska, útsjónarsemi og viðbragðsflýtir nýtast til fulls við slíkar aðstæður. Ekki er útilokað að slíkt ástand vari lengi enn, en það er fjarri því að vera öruggt. Og þegar breytingarnar verða geta þær komið vegna óvæntra aðstæðna og gerst hratt. Það er þá sem gætnin og hyggindin skila mestum árangri.”

Og við skulum, kæru Viðskiptaráðsmenn og gestir, færa okkur nær vettvangi. Vegna þess að fyrir heilu ári, eða hinn 6. nóvember 2007 sagði ég hér á morgunfundi Viðskiptaráðs Íslands: “Hitt er einnig til að ný orð fái nánast á sig goðsagnakennda helgimynd, eins og orðið útrás, sem enginn þorir að vera á móti, svo hann verði ekki sakaður um að vera úr takti, hafi ekki framtíðarsýn eins og það heitir nú, og þekki ekki sinn vitjunartíma.

“Útrás” virðist þegar grannt er skoðað ekki vera annað en venjuleg fjárfesting erlendis; auðvitað iðulega einnig nýting á þekkingu og hæfileikum í bland við fjárfestinguna. Þannig mætti kalla byggingu álvers á Reyðarfirði útrás Alcoa til Íslands. Það hefur reyndar ekki verið nefnt. Þar er það fjárfesting í bland við þekkingu í áliðnaði sem er notuð. Útrásin er auðvitað að mörgu leyti efnileg og sumir þættir hennar hafa þegar skilað töluverðu í aðra hönd, ekki síst vegna þess að menn notfærðu sér hagfelld skilyrði og ytri aðstæður. Ódýrt fé lá um hríð hvarvetna á lausu og ýmsir aðilar hér á landi nýttu það tækifæri af djörfung og krafti. Hin hliðin á útrásinni er þó sú og framhjá henni verður ekki horft, að Ísland er að verða óþægilega skuldsett erlendis. Á sama tíma og íslenska ríkið hefur greitt skuldir sínar hratt niður og innlendar og erlendar eignir Seðlabankans hafa aukist verulega, þá hafa aðrar erlendar skuldbindingar þjóðarbúsins aukist svo mikið, að þetta tvennt sem ég áðan nefndi er smáræði í samanburði við það. Allt getur þetta farið vel, en við erum örugglega við ytri mörk þess sem fært er að búa við til lengri tíma.

Útrásarorðið er slíkt töframerki að jafnvel þegar menn virðast gera innrás í opinber fyrirtæki almennings, þá er innrásin kölluð útrás. Og fyrirtæki sem hafa þá frumskyldu, að lögum og samkvæmt efni máls, fyrst og fremst að veita almenningi þjónustu við hinu lægsta verði, eru í nafni útrásar skyndilega farin að taka þátt í áhættu erlendis, án þess að

skynsamleg umræða um þau atriði hafi farið fram í landinu áður. Í öllum þessum efnum þurfa menn að fara að með gát.

Okkur Íslendingum hefur gengið vel að undanfögnu og menn hafa kunnað fótum sínum forráð, en það er heimskulegt að halda að við getum slakað á kröfum til okkar sjálfra, ef áfram á vel að fara. Ein þessara krafna er örugglega sú að leyfa ekki verðbólgu að festa sig í sessi á nýjan leik. Allur undansláttur á þeirri kröfu mun bitna á almenningi í landinu með ófyrirsjáanlegum afleiðingum. Við megum ekki auka erlendar skuldir þjóðarbúsins umfram það sem nú er, þvert á móti er okkur rétt og skylt að grynna á þeim skuldum og ná þar jafnvægi. Útrásaráformum þarf því að setja skynsamleg mörk. Sá óhófsandi sem að nokkru hefur heltekið okkur má ekki ráða ferðinni til framtíðar. Við vitum að víða er uppgangur okkar lofti blandaður. Við því er ekkert að segja og það er eðlilegt að þættir eins og óefnislegar eignir séu fyrirferðarmiklar á uppgangstímum þegar vel gengur, en þegar á móti blæs og harðnar á dal, þarf aðeins lítið gat til að loftið leki úr slíkum eignum. Þar er því einnig aðgæslu þörf.”

Ég held að of fáir hafi talið ástæðu til að taka mark á þessum varnaðarorðum og rifjað var upp nýlega að fræðimenn töldu áhyggjur mínar af skuldasöfnun þjóðarbúsins óþarfar ef ekki þaðan af verri. Ég vil ljúka þessum tilvitnum í opinberar aðvaranir með orðum sem ég lét falla í mars á þessu ári á ársfundi Seðlabankans. Ég hafði þá fjallað um að ýmsir teldu að sá vandi sem þá var við að glíma væri ímyndunarvandi og staðan væri raunverulega góð og þess vegna myndi þetta allt lagast af sjálfu sér. “Hætt er við að þeir sem settu traust sitt á svo hagfellda þróun hafi nýtt tímann verr en skyldi frá því í ágúst 2007. Bankastjóri eins stærsta banka heims sagði sem svo “Meðan hljómsveitin spilar, dönsum við.” Hann var látinn hætta skömmu síðar þegar bankinn sýndi ógurlegt tap, en með ótrúlegar fúlgur í farteskinu fyrir sýnda fyrirbyggju og framsýni. Af svipuðum ástæðum munu margir þola verr biðina eftir betri tíð. Auðvitað er það enn ekki óhugsandi, að sterkir vindsveipar komi úr óvæntri átt og hrindi óveðurskjúnunum á augabragði af himni markaðarins og skuldsettar yfirtökur skuldsettra fyrirtækja undir umsjón lánastofnana bjóðandi lágmarkskjör og liprar tryggingar, komi á ný og þá muni aftur morgna á markaði, íslenskum sem öðrum. En þótt þetta sé ekki óhugsandi og dæmin sanni að markaðurinn sé ólíkindatól, er hætt við að vinningshlutfallið í biðinni og voninni sé lakara en í Lottóinu. Því er rétt að ganga út frá því sem vísu, að ástandið muni lítið lagast í bráð og þótt það kunni að lagast, fari því fjarri að allt verði eins og áður. Hafi menn ekki þegar tekið sér tak er ekki lengur neins að bíða. Leita þarf allra leiða til að styrkja lausafjárstöðu fyrirtækjanna, ekki síst fjármálafyrirtækjanna, og samhliða þarf að skoða markaðsmódelin rækilega upp á nýtt. Það má segja að á knattspyrnumáli myndi þetta þýða, að nú sé rétt að pakka í vörn og láta sér nægja marksvon með hraðaupphlaupi ef tækifæri bjóðast þrátt fyrir allt. Þótt ýkt bölsýni sé

auðvitað til óþurftar er jafn vont eða verra að gylla stöðuna fyrir sjálfum sér og almenningi og gefa til kynna að einhvers konar töfraleið sé til út úr þessum vanda. “Að ljúga að öðrum er ljótur vani, að ljúga að sjálfum sér hvers manns bani”, sagði þar.”

Þetta eru dæmi um þung aðvörunarorð af hálfu Seðlabankans, flutt opinberlega á eins og hálfis árs tímabili til viðbótar margítrekaðri umvöndun yfir því að bankarnir skyldu vera að lána almenningi og fyrirtækjum í erlendum gjaldmiðli sem viðkomandi hafði ekki tekjur í. Vissulega komust margir þannig undan aðgerðum Seðlabankans til að knýja verðbólguna niður. Þau undanbrögð urðu til þess að vextir Seðlabankans urðu að vera hærri en ella og standa lengur hátt. Á þessi aðvörunarorð var lítt hlustað og því ekki eftir þeim farið. Og enn spyr ég hvort ekki sé líklegt að það hefði fremur verið gert ef fjölmiðlar landsins hefðu ekki verið í þeim heljarfjötrum sem þeir hafa verið í um allanga hríð? Auðvitað voru þess háttar varnaðarorð og upplýsingar iðulega settar fram annars staðar heldur en opinberlega, bæði á fundum í bankaráði, með forráðamönnum Fjármálaeftirlits og forráðamönnum bankanna og stjórnvöldum í landinu. Var þá hægt að kveða enn fastar að orði en gert var opinberlega. Bankastjórnin átti þannig allmarga fundi með ráðherrum og embættismönnum til að lýsa þungum áhyggjum sínum. Þar með talið allmörgum fundum með báðum formönnum stjórnarflokkanna, ýmsum öðrum ráðherrum og embættismönnum. Viðbrögð þessara aðila voru ekki óeðlileg. Þau voru oftast nær þau, að í kjölfarið af fundi með bankastjórn Seðlabankans áttu þeir fundi með forustumönnum viðskiptabankanna sem fullvissuðu ráðamenn um það að áhyggjur Seðlabankans væru a.m.k. mjög ýktar, fjármögnun bankanna væri góð út árið 2008 og nánast að fullu tryggð út árið 2009.

Fulltrúar Seðlabankans áttu fundi í London í fyrri helmingi febrúarmánaðar á þessu ári. Þeir voru með háttsettum mönnum í fjölmörgum stærstu bönkunum, sem mest viðskipti áttu við Ísland og íslensk fyrirtæki, og eins fundir með matsfyrirtækjum sem þar eru staðsett. Þótt Seðlabankamenn hafi lengi haft áhyggjur af stöðu bankakerfisins, varð þeim mjög brugðið vegna þeirra viðhorfa, sem komu fram á fundunum í London. Þegar heim var komið var óskað eftir fundi með forustumönnum ríkisstjórnarflokkanna, fleiri ráðherrum og embættismönnum, og fékkst sá fundur. Þar var lesin upp í heild skýrsla um ferðina sem þá var til í handriti. Skýrsla þessi er alllöng. Ég mun hér vitna til hluta hennar en nöfnum einstakra aðila sleppt utan einu sinni, þar sem nafn verður að vera með samhengisins vegna. Í fyrri tilvitnuninni segir svo: “Ljóst er að áhyggjur af Íslandi litast eingöngu af áhyggjum af íslensku bönkunum, og talið að fyrirferð þeirra í fjármálalífi Íslendinga sé slík, að verði þeim hált á svelli, þá detti aðrir með þeim. Eftir almennan gegnumgang [] um stöðu efnahagsmála og þær breytingar sem orðið hafa og það sem snýr sérstaklega að ríkinu og verkefnum Seðlabankans, var fjallað töluvert um bankana af þeirra

hálfu. Lokaspurning þeirra varð síðan sú, hvað gerist ef íslensku bankarnir komast ekki, eða ekki svo neinu nemi, á markaðina næstu tólf mánuði eða svo? Svar Seðlabankamanna var efnislega það, að ef slíkt gerðist, þá væru erfiðleikarnir orðnir mjög miklir fyrir íslensku viðskiptabankana, en á það yrði að benda að við þær aðstæður hlyti bankaheimurinn allur að standa svo illa að tala mætti um bankakreppu, ef ekki heimskreppu. En þessi spurning [], svo ónotaleg sem hún virtist, varð Seðlabankamönnum skiljanlegri þegar leið á þessa funduferð.”

Ég minni enn á, að þarna er verið að lýsa aðstæðum og umræðum fyrir meira en sjö mánuðum. Seinni tilvitnunin er úr niðurlagi þessarar skýrslu, en þar segir: “En þá niðurstöðu má draga af þessum viðræðum og ummælum manna, sem svo vel til þekkja, en voru auðvitað settar fram með misskýrum hætti, að íslenska bankakerfið væri í mikilli hættu, ekki síst vegna þess hvernig það hefur þanist út, skipulagslítið og ógætilega á undanförunum árum, í því trausti að lánsfjárútleigum yrði ætíð leikur einn. Markaðir verði almennt lokaðir íslensku bönkunum a.m.k. næstu tólf mánuði og telja þó sumir að 24 mánuðir sé líklegri tími hvað það varðar. Auðvitað þarf að undirstrika rækilega þá óvissu sem í slíkum fullyrðingum felst. En niðurstaðan er rökstudd svo, að þegar markaður loks opnast muni stórir, öflugir og þekktir bankar fá aðganginn fyrst, en síðast kemur að minni bönkum og íslenskir bankar verða mjög aftarlega í röðinni. Og þau “módel” að fella íslensku skuldabréfin í “vafningspakka”, sem gerði þau eftirsóknarverða vöru, eru horfin úr myndinni og munu ekki koma aftur.

Það mundi vissulega ekki hjálpa Kaupþingi á nokkurn hátt að flytja höfuðstöðvar sínar úr landi, eins og sumir viðmælendur töldu álitlegan kost, en það mundi hins vegar léttja stöðu annarra banka mikið og vera jákvætt fyrir fjármálalíf Íslands eins og staðan er, því þá mundi verða talið að íslenski Seðlabankinn og ríkið myndu geta bjargað þeim bönkum sem eftir væru frá falli, ef sú neyðarstaða yrði uppi. Það var talin ein meginskýring á háum CDS kjörum þessara banka, að þessi staða sem seðlabankamenn væru að kynnast til fulls núna og kyngja, væri tiltölulega vel þekkt á markaði og því hefði skortsstaða verið tekin á íslensku bankana í trausti þess að markaðir yrðu þeim algerlega lokaðir lengi og til viðbótar kæmi að íslenski Seðlabankinn og ríkið væru ekki af þeirri stærð og styrk til að hafa bolmagn til að bjarga þeim frá falli, þótt vilji stæði til þess. Sumir töldu að það eina sem gæti slegið á þessi háu eftirá kjör væri ef íslenski Seðlabankinn gæti náð samningi við erlenda seðlabanka um að veita bankanum fyrirgreiðslu í nauð, sem dygði til þess að hann gæti staðið að sínu leyti til við björgunaraðgerðir á íslensku bankakerfi. Niðurstaðan er þessi: Það er ljóst, að íslensku bankarnir [] hafa stefnt sér og það sem verra er, íslensku fjármálalífi, í mikla hættu, og jafnvel í hreinar ógöngur, með ábyrgðarlausri framgöngu á undanförunum árum. Hættulegt er að hafast ekkert að í þeirri von að

markaðir opnast óvænt og allur vandi verði þá úr sögunni. Nauðsynlegt er að hefjast þegar handa við að vinda ofan af stöðunni svo hún verði ekki óleysanleg. Ekki er hægt að útiloka að miklu fyrir rætist úr markaðsaðstæðum og aðgengi að fjármagni en nú er talið. Ekkert bendir þó enn til þess og ef menn láta sér nægja að lifa í voninni verður of seint að bregðast við þegar ljóst verður að vonin rætist ekki.”

Þegar menn heyra allar þessar tilvitnanir, sem bæði hafa verið settar fram opinberlega og óopinberlega, fyrir alla þá menn er málið varðar er undarlegt að heyra hróp gerð að Seðlabankanum vegna þess að hann hafi setið hjá og ekki gert sér grein fyrir ástandinu og því ekki getað varað aðra við. Þessi dæmi og svo mörg, mörg önnur sem hægt væri að rekja ef tími gæfist til sýna glögg, að Seðlabankanum var vel ljóst, jafnvel betur en öðrum, hve alvarleg staðan var, og ráðlagði eindregið að brugðist yrði við. “Rekum seðlabankastjórana” er hrópað á torgum og undir taka þeir sem telja að bankastjórarnir liggi vel við höggi og áróðursmaskínan fylgir vel á eftir. Áróðursmaskínan, sem “hefur verið misnotuð grímulaust undanfarin ár” eins og Egill Helgason, verðlaunasjónvarpsmaður orðaði það síðastliðinn sunnudag.

Nú má vel vera, að gott væri að seðlabankastjórarnir færu að gera eitthvað annað en þeir gera núna, en það er önnur saga. En það er sláandi að þeir sem gera nú hróp að Seðlabankamönnum þögðu þunnu hljóði, þegar bankinn reyndi að vara alla við sem mest hann mátti. Það þarf að rannsaka allt, er sagt núna og það þarf að velta við hverjum steini. En það er ekki verið að rannsaka neitt og það sem verra er, það er ekki verið að upplýsa almenning um eitt eða neitt. Seðlabankinn óskar eindregið eftir því að hlutur hans í aðdraganda bankahrunsins verði rannsakaður til fulls og það verði gert sem allra fyrst og fengnir til þess færustu erlendir sérfræðingar. Seðlabankinn kvíðir ekki þeirri rannsókn. Verði niðurstaðan hins vegar sú, að hann hafi brugðist, þarf engan bankastjóra að reka, a.m.k. ekki þann sem hér stendur, hann mun fara án nokkurrar tafar og án nokkurra eftirmála. Ég ítreka að Seðlabankanum finnst ekki aðeins æskilegt að þáttur hans verði rannsakaður, hann beinlínis krefst þess vegna þeirra ásakana sem uppi hafa verið hafðar, jafnvel af ábyrgum aðilum. Þá verður fróðlegt að sjá hvort margir aðrir aðilar hafi hreinni skjöld en Seðlabankinn í þeim eignum.

En við þau tímamót sem nú hafa orðið, þegar talað er um rannsóknir og að velta eigi við hverjum steini, af hverju er þá ekkert upplýst um hvers vegna bankarnir hrundu? Af hverju fær almenningur, sem á að borga brúsann, og sá brúsi er engin smásmíði, engar gagnlegar upplýsingar þótt allt ætti nú að vera á borðinu hjá þeim sem hafa mál hinna föllnu banka í höndunum og allt að blasa við eins og opin bók. Niðurfelling forráðamanna Kaupþings á ábyrgðum sínum og annarra hafði legið fyrir vikum saman án þess að nokkuð væri um það upplýst. Það var ekki fyrir en hneykslaðir starfsmenn láku þessum upplýsingum út sem þær urðu

almannaeygn. Og síðan hefur ekkert verið upplýst, hvernig því máli verður fylgt eftir. Ábendingar sem bárust um að kalla til lögreglu strax í upphafi hafa ekki fengið brautargengi. Eru menn að bera fyrir sig bankaleynd í þessu sambandi? Bankaleynd á ekki lengur við hvað þessi atriði varðar. Sú reiði sem kraumar í Þjóðfélaginu og hægt er að beina í ýmsar áttir af áróðursmaskínunum er ekki síst kraumandi vegna þess að það er ekki verið að upplýsa almenning um eitt eða neitt. Af hverju hefur það ekki verið upplýst að einn aðili skuldaði eitt þúsund milljarða í íslenska bankakerfinu og þá er eingöngu verið að tala um viðskiptabankana þrjá, ekki sparisjóðina, lífeyrissjóðina eða ýmsa aðra aðila, sem viðkomandi skuldaði né erlendar skuldir sama aðila. Eftir að bankaeftirlitið var fært frá Seðlabankanum gat hann ekki aflað sér upplýsinga um slíkt. Hann gat ekki vitað það. En það vissu aðrir, á því getur ekki verið neinn vafi. Eitt þúsund milljarða skuld eins aðila í íslenska bankakerfinu er erfitt að skilja, jafnvel svo erfitt að menn leiða hana hjá sér. En það má ekki víkja sér undan að horfa á þessa mynd. Einn aðili skuldaði með öðrum orðum bönkunum þremur um eða yfir eitt þúsund milljarða króna. Það er hærri fjárhæð en allt eigið fé gömlu bankanna saman lagt. Bankastjórnarnir sem lánuðu hver fyrir sig hlutu að vita að samanlagt væri dæmið þannig. Vegna þess að þeir horfðu ekki aðeins á lánsfé eigin banka, heldur fengu þeir öll gögn vegna veðtöku áður en stærstu einstöku lán bankans voru veitt, eða það skyldu menn ætla. Og eftirlitsaðilar hljóta að hafa vitað það líka og hafa því teygt sig með ólíkindum langt til að finna út að sami aðili væri óskyldur sjálfum sér við þessar aðstæður. Hvernig í ósköpunum gat þetta gerst? Hvaða heljartök hafði viðkomandi á bönkunum og öllu kerfinu? Það er algerlega víst að ef erlendum viðskiptaaðilum bankanna hefði verið þessi staða ljós, hefðu öll viðskipti við bankakerfið þegar verið stöðvuð erlendis frá, og bankarnir hefðu í kjölfarið hrunið. Er hugsanlegt að umræða hefði vaknað í Þjóðfélaginu um þessi atriði og önnur, ef allir frjálsir fjölmiðlar, sem er reyndar skondið orð í þessu samhengi, hefðu ekki verið í höndunum á eigendum bankanna? Og það hefur verið upplýst að nýju bankarnir haldi áfram háttum gömlu bankanna og láti menn sem skulda yfir þúsund milljarða í bankakerfinu ekki í gjaldþrot, en gangi fljótt og vel að Jóni og Gunnu, sem eru þó nú orðin eigendur bankanna á ný. Menn virðast ekkert hafa lært eða eru jafn hræddir og fyrr. Ég ítreka að Seðlabanki Íslands hvetur eindregið til þess að hlutur hans í bankahruginu, sem ýmsir vilja gera sem mestan verði rannsakaður. Sú rannsókn verður einföld. Starfsmenn Seðlabankans hafa ekkert að óttast. En það er hlálegt að þrátt fyrir þau hróp sem skipulögð eru og gerð eru að þessari stofnun, þeirri stofnun sem ein varaði við þróuninni á annað ár, þá er það svo að sennilega ætti Seðlabanki Íslands að vera lang lang aftastur í rannsóknarþarfarröðinni. Það er meginkrafa að það sé upplýst hver hin raunverulega staða bankanna var. Það rannsóknarferli, sem þegar hefur verið kynnt, er með öllu óframbærilegt og ófullnægjandi. Það er allt að því skondið að sjá tilburðina í öllum þeim skipulega áróðri og herferð sem fram hefur farið, m.a. af hálfu

þeirra sem mesta ábyrgð bera á bankahneykslinu. Reynt hefur verið að læða því að almenningi að orð sem féllu í viðtali við mig í Kastljósi, þegar ég reyndi að skýra á mannamáli í fyrsta sinn fyrir almenningi, hvað væri að gerast, að þau hefðu orðið til þess að bresk yfirvöld hefðu sett hefndarverkalög á Ísland og fryst eignir Landsbankans. Þetta er endurtekið í síbylju, síðast í Stöð 2 í gær með mjög óskammfeilnum hætti, en það merkilega er að Bresku yfirvöldin hafa aldrei haldið þessu fram, aldrei minnst á þetta einu einu orði, þótt vitað sé að bæði þeir Gordon Brown og Alistair Darling séu miklir áhugamenn um Kastljósið og horfi á það nánast á hverju kvöldi! Þeir hafa hins vegar skýrt hvers vegna þeir gripu til þessa óyndisúrræðis. Það hafa ekki öll samtöl verið birt hvað þessi mál varðar og þess vegna er auðveldara að bera fram tilbúnar sakir og koma þeim inn hjá trúgjörnu fólki í gegnum þá fjölmiðla sem “grímulaust hafa verið misnotaðir í mörg ár” eins og það var orðað af sjónvarpsmanninum. Ég hef engar áhyggjur af þessu vegna þess að þegar málin verða rannsökuð, þá hljóta fleiri samtöl að verða birt. Mér er kunnugt um efni þeirra og mér er kunnugt um hvað í raun réði afstöðu breskra yfirvalda.

Ágætu fundarmenn

Það var óhjákvæmilegt að fara nokkrum orðum um það sem ég hef rakið hér að framan vegna hinna ómaklegu árása sem á Seðlabankanum hafa dunið eftir bankahrunið. Ég hefði þurft ennþá meiri tíma til þess, en ég mun fara nánar yfir þetta mál á öðrum vettvangi síðar. En við ætlum okkur einnig að horfa til framtíðar, sérstaklega í ljósi þeirrar spár sem sérfræðingar Seðlabankans birtu nú fyrir fáeinum dögum í Peningamálum bankans. Það hefur verið orðað svo að sú spá sé dökk. Það þarf engan að undra. Það varð myrkur um miðjan dag í íslenskum bankamálum sl. október og myrkrið er dökkt, eins og karlinn sagði.

Hitt er annað mál að efnahagsspár hafa staðist heldur illa á síðustu árum og þó ekki verr hjá sérfræðingum Seðlabankans en hjá öðrum þeim sem búið hafa við hvað hvíkyndast ástand. En hafi verið erfitt að spá að undanförunu má segja að nú keyri um þverbak, því óvissuþættirnir eru nú í aðalhlutverki, en þeir þættir sem segja má fyrir með nokkuð öruggri vissu eru í aukahlutverkunum. Þó má segja að ef glögg er í skýrslurnar rýnt, að miðað við stærð áfallsins þá eru vonirnar tiltölulega bjartar. Hvernig get ég sagt þetta, þegar augljóst er að atvinnuleysi muni aukast mikið og vitað sé að innlendar skuldir muni vaxa mjög mikið. Nettó erlendar skuldir áttu ekki að aukast mikið, en nú hefur verið ákveðið að bæta við verulegum skuldabagga á þjóðina, án þess að lög standi til þess og er þá gengið út frá því að Alþingi samþykki þá gerninga sem kynntir hafa verið. Það lá ekki fyrir þegar spáin var gerð og mundi því væntanlega gera myndina enn dekkri en ella væri og þyngja þær fátæktarbyrðar sem á þjóðina eru settar. Það er ljóst að skýrslan ber með sér að samdráttur í hagvexti verður verulegur, reyndar stöðnun og afturkippur um skeið og atvinnuleysi mun fara vaxandi, jafnvel svo að

Það nálgast það sem menn eiga að venjast á evrusvæðinu, þangað sem draumar margra leggja nú leið í þeirri múgsefjun sem gengur yfir. Hvernig get ég þá sagt að þrátt fyrir allt kynni þessi dökka skýrsla einnig vonarglætur? Jú ég segi það vegna þess að þrátt fyrir hið mikla áfall má segja að í spá sérfræðinga bankans felist einnig að þjóðin geti tiltölulega fljótt komist út úr versta hluta vandans. Í Peningamálum er til fróðleiks sýnd mynd um hagvöxt í kjölfar kreppu og sýndur samanburður margra landa sem gengið hafa í gegnum slíkar kreppur. Ísland er á marga lund betur sett og betur til þess fallið að rífa sig út úr kreppu af því tagi, heldur en þau samanburðarlönd sem þarna eru sýnd, sem flest hver, ef ekki öll, eru mun skemmra á þróunarbrautinni komin efnahagslega en Ísland. Og Ísland hefur sýnt áður að viðbragðshraði þjóðarinnar er verulegur og geta hennar til að laga sig að aðstæðum mikil. Á móti kemur hitt og úr því skal ekki dregið, að það sem er lakara en á samanburðarmyndinni nú, er að um þessar mundir er heimurinn allur í efnahagslegum mótvindi og það gæti haft áhrif til að hægja á endurreisninni hér. Til að mynda er hagvöxtur nú að verða neikvæður í fyrsta sinn á evrusvæðinu og ljóst að ástand þar fer versnandi. Það þarf ekki að draga úr okkur kjarkinn því spárnar sýna glöggt og okkar eigin tilfinning styður þær spár að þjóðin hefur fulla getu til þess að ná vopnum sínum hratt, þegar hún nær að helga sig verkefninu. Auðvitað erum við ekki að ræða um vikur eða mánuði, fremur eitt til tvö ár.

Þegar stærsti hluti bankakerfisins hrundi á örfáum dögum í október og Bretar settu bræðraþjóð sína í Nato á lista með verstu hryðjuverkamönnum heimsins, því þar stóð ekki aðeins nafn Landsbankans heldur einnig ríkisstjórnar Íslands var ekki furða þótt gjaldmiðlasambönd milli Íslands og annarra ríkja lömuðust fullkomlega. Margur var pirraður yfir því að það tók fáeina daga að koma lágmarks gjaldeyrisþjónustu í horf af hálfu Seðlabankans, sem í raun var þó kraftaverk við þessar aðstæður. Og síðan hefur tekist að tryggja vöruflutninga til og frá landinu nokkuð snurðulítið miðað við umfang vandans. Seðlabankinn hefur annast þá milligöngu sem bankarnir önnuðust áður og hefur því fylgt gríðarlegt álag á bankann og starfsmenn hans. Sú skipan hvorki getur né má standa lengi, en þetta gat Seðlabankinn vegna þess að menn höfðu haft nægilegt þrek og nægjanlegan styrk til að standa gegn því að gjaldeyrisforða hans væri hent á bankabálið. Ef hann hefði brugðist í þeim þrýstingi, þá væri ekki hægt að finna að því þó að gerð væru nú hróp að bankanum og matvælum væri hent í húsnæði hans. En af þessum ástæðum þá hefur Seðlabankinn getað tryggt og getur áfram tryggt áfallalausan innflutning á meðan útflutningstekjurnar eru að koma hikandi heim, en fyrir því hiki eru í rauninni ekki lengur neinar ástæður. Innan fárra daga munu allir þeir sem vilja geta fengið gjaldeyri til hvers konar vöruviðskipta og ferðalaga, þótt hömlur á fjármálaviðskiptum verði afnumdar í öðrum áföngum. Útflytjendur eru að skaða sjálfa sig og aðra í fullkominni skammsýni með því að draga það að koma með gjaldeyrinn sinn heim til

Þjóðarinnar. Þeir þurfa ekki að óttast að geta ekki fengið allan þann gjaldeyri sem þeir þurfa og þegar þeir þurfa. Gjalddeyrisflæði verður jákvætt á næstu árum hvað vöruviðskipti varðar og óþarfi að ætla að erlendir fjárfestar rjúki burtu í einni kös, þegar gengið tekur að fljóta frjálst á nýjan leik, jafnóhagstætt og það verður þeim í byrjun. Verðbólgan mun lækka hratt á næsta ári og vextir einnig.

Góðir fundarmenn

Ég legg að lokum áherslu á að það verður að fara að upplýsa þá sem borga brúsann hreinskilnislega hvernig bankarnir stóðu áður en þeir féllu og hvernig menn höguðu sér áður en það gerðist. Þá fyrst mun hefjast upplýst umræða. Ef til vill í upphafi með þunga reiðinnar, sem ekkert er við að segja og skiljanleg er, en hávaðamenn munu þá fljótlega missa tökin á atburðarásinni og það er það mikilvægasta sem nú getur gerst við uppbyggingu á efnahagslífi þjóðarinnar.

Fullyrt hefur verið að Norðurlandaþjóðirnar hafi óvænt sett fram þau skilyrði að við tækjum á okkur umfram lagaskyldu áhættu af yfir 600 milljarða króna skuld vegna icesave reikninga, ella myndu þær ekki vilja lána okkur miklu lægri upphæð hver þjóð. Ég vil ekki rengja þessar upplýsingar, þótt ég hafi ekki séð neitt skriflegt um þær. Vinir okkar Færeyingar settu a.m.k. enga slíka afarkosti fyrir sinni aðstoð. Það hefur verið sagt, að sannir vinir séu þeir hóglátu englar sem lyfta undir mann þegar maður sjálfur hefur misst flugið. Færeyingar eru þess háttar englar, hafi þeir heila þökk og blessun.